

# Spilahegðun og algengi spilavanda meðal fullorðinna Íslendinga árið 2011

Dr. Daníel Þór Ólason  
Dósent, Sálfræðideild  
Háskóli Íslands

# Markmið Rannsóknar

---

1. Að kanna spilahegðun og algengi spilafíknar meðal fullorðinna Íslendinga árið 2011.
2. Skoða hugsanlegar breytingar á spilahegðun og í algengi spilafíknar undanfarin 6 ár.
3. Kanna viðhorf Íslendinga til peningaspila.
4. Kanna hugsanleg áhrif bankakreppu á spilahegðun Íslendinga frá árinu 2007 til 2011.

# Aðferðarfræði

---


- Símaviðtöl
- 3.327 manna slembiúrtak úr þjóðskrá
- Svarhlutfall var 62% (n = 1.887)
- Karlar voru 888 og konur 999.
- Meðalaldur = 42 ár.
- Gögn voru vigtuð í samræmi við dreifingu þýðis fyrir kyn, aldur og búsetu.

# Heildarþátttaka í peningaspilum

	a.m.k. einu sinni s. 12 mán	Sjaldnar en mánaðarlega	a.m.k. mánaðarlega	Vikulega eða oftár
Þátttaka í öllum peningaspilum	76,2%	29,8%	31,5%	14,9%
Þátttaka í peningaspilum á Netinu	18,9%	6,2%	1,4%	11,0%
Peningaspil á innlendum vefsíðum	16,7%	5,0%	1,1%	10,4%
Peningaspil á erlendum vefsíðum	3,3%	1,9%	0,5%	0,6%

Ath. Áskrift í lottó telst hér til vikulegrar spilamennsku sem skýrir mun hærri tíðni vikulegrar spilamennsku á Netinu og á innlendum vefsíðum en mánaðarleg spilamennska. Örlítill fráviki eru á þátttöku a.m.k. einu sinni og samanlagðri tíðni og skýrist af því að sumir þátttakendur treystu sér ekki til að tilgreina hversu oft þeir spiluðu í peningaspilum.

# Samanburður milli ára



# Samanburður milli ára II

	2005 %	2007 %	2011 %	Vikulega eða oftár
Lottó	56,2	45,7	60,6***	+
Flokkahappdrætti	27,0	27,4	29,5	0
Skafmiðar	16,5	18,5	20,7	0
Spilakassar	12,0	11,0	9,5*	0
Getraunir (1x2)	7,8	6,9	7,7	0
Lengjan	3,9	4,5	4,8	0
Lagt undir í spilum (póker)	3,5	8,5	12,1***	0
Bingó	3,8	5,4	10,3***	0
Veðjað á eigin frammistöðu í leik	1,9	2,6	2,6	0
Leynileg spilavíti	0,2	0,4	1,0*	0
Netið (erlendar vefsíður)	0,4	1,6	3,3***	0

# Algengi spilavanda

Skor	Greiningarhópar	%	Lægri mörk öryggisbila	Efri mörk öryggisbila
-	Spila engin peningaspil	24,0	22,0	26,0
0	Spila án vandkvæða	68,4	66,2	70,5
1-2	Lítill hættu á vanda	5,1	4,2	6,2
3-7	Nokkur hættu á vanda	1,7	1,2	2,4
8+	Líkleg spilafíkn	0,8	0,5	1,4

Séu þessar tölur heimfærðar yfir á alla Íslendinga á aldrinum 18 – 70 ára í landinu (N = 212,585) má halda því fram með 95% öryggi að á bilinu 1.062 – 2.976 íslendingar á aldrinum 18 – 70 ára eigi við líklega spilafíkn að stríða.

Ef reiknað er fyrir spilavanda (2,5%) má gera ráð fyrir að u.þ.b. 5.314 (öryggisbil: 4.039 – 7.015) íslendingar eigi við verulega vanda að stríða vegna þátttöku sinnar í peningaspilum.

# Spilavandi eftir baksviðsbreytum


	Spila ekki %	Án vandkvæða %	Lítill hætta %	Spilavandi %	Kíkvaðrat
<b>Kyn</b>					64,13***
Karlar	22,0	65,6	8,1	4,3	
Konur	26,1	71,1	2,1	0,7	
<b>Menntun</b>					40,83***
Grunnskóli	25,7	61,2	7,7	5,4	
Framhaldsskóli	20,2	72,3	4,9	2,5	
Háskóli	27,2	67,2	4,1	0,9	
<b>Aldursflokkar</b>					159,94***
18-25 ára	29,5	48,0	14,9	7,6	
26-40 ára	20,3	72,3	5,2	2,2	
41-55 ára	23,1	73,7	2,0	1,2	
56-70 ára	26,4	71,8	1,3	0,5	



# Spilavandi eftir baksviðsbreytum frh.

	Spila ekki %	Án vandkvæða %	Lítill hætta %	Spilavandi %	Kíkvaðrat
<b>Hjúskaparstaða</b>					52,65
<b>Fjölskyldutekjur</b>					45,26***
Undir 250 þ.	30,1	56,6	8,3	5,0	
250-399 þ.	31,1	58,5	6,6	3,8	
400-549 þ.	22,4	70,3	4,5	2,8	
550-milljón	19,2	74,6	4,8	1,3	
Milljón eða meira	17,3	75,9	5,3	1,5	
<b>Búseta</b>					6,36

# Samanburður á algengi spilav. Milli ára



# Samantekt

---

- Allnokkrar breytingar hafa orðið á spilahegðun landsmanna á undanförunum sex árum:
  - Almenn þátttaka í peningaspilum var töluvert meiri árið 2011 en var árin 2005 og 2007
  - Meginástæðan er að fleiri spiluðu lottó, bingó og lögðu undir í spilum árið 2011 en gerðu árin 2005 og 2007.
- Aukin þátttaka í veðmálum á úrslit spila má fyrst og fremst rekja til vaxandi vinsælda pókers á meðal ungra karlmanna en þátttaka hefur farið stigvaxandi frá árinu 2005.
- Sama má segja um breytta þátttöku í peningaspilum á erlendum vefsíðum en svo virðist sem áhugi á slíkri spilamennsku fari vaxandi og þá fyrst og fremst á meðal ungra karlmanna.

# Samantekt II

---

- Almennt séð er ljóst að flestir þeirra sem spila peningaspil gera það án vandkvæða.
- En samanburður á algengi líklegar spilafíknar og spilavanda milli síðustu þriggja kannanna bendir til að algengi líklegar spilafíknar og spilavanda sé meira árið 2011 en var árin 2005 og 2007.
- Hafa ber í huga að þessi breyting í tíðni spilavanda má fyrst og fremst rekja til ungra karlmanna á aldrinum 18 til 25 ára. Þar má sjá mestar breytingar í tíðni spilavanda milli ára.
- Sú staðreynd er athyglisverð þegar haft er í huga að þau peningaspil sem höfðu sterkust tengsl við spilavanda (spilakassar, póker og spilun á erlendum vefsíðum) voru fyrst og fremst spiluð af karlmönnum á þessum aldri.